



Sveitarstjórnarfundur 30. september 2025

Þriðjudaginn 30. september 2025 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 34. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Hildur Aradóttir og Sunna Einarsdóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið nr. 10 & 11.

Dagskrá 34. fundar:

1. Fundargerð 33. sveitarstjórnarfundar 11.08.2025.
2. Fundargerðir nefnda.
3. Aðrar fundargerðir.
4. Laugarhóll.
5. Menntastefna starfsmanna Kaldrananeshrepps.
6. Minnisblað sameiginlegra regna.
7. Umsóknir lóða.
8. Sýnishorn og verðhugmyndir.
9. Öruggu augu vegna sólmyrkva
10. Sameiningarviðræður við Árneshrepp
11. Tilnefning í velferðarnefnd

Fundargerð:

1. Fundargerð 33. sveitarstjórnarfundar 11.08.2025

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Fundargerð bygginga-, skipulags- og umhverfisnefndar, 10.09.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umrædda merkjalýsingu sbr. lið nr. 2.

Oddviti falið að staðfesta.

Borið upp og samþykkt.

3. Aðrar fundargerðir

- a. Sambandið-þingmálaskrá og fjárlagafrumvarp, 19.09.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- b. Þinggerð 70. Fjórðungsþing Vestfirðinga, 16. - 17.09.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- c. 20. fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 08.09.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- d. Fyrsti fundur Fulltrúaráðs Velferðarþjónustu Vestfjarða, 28.03.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- e. Annar fundur Fulltrúaráðs Velferðarþjónustu Vestfjarða, 11.08.2025. Fundargerð lögð fram til kynningar.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga, 983. fundur stjórnar, 29.08.2025. Fundargerð lögð fram til kynningar.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga, 984. fundur stjórnar, 12.09.2025. Fundargerð lögð fram til kynningar.
- h. Samband íslenskra sveitarfélaga, 985. fundur stjórnar, 26.09.2025. Fundargerð lögð fram til kynningar.
- i. Fimmti fundur Úrgangsráðs Vestfjarða, 28.08.2025. Fundargerð lögð fram til kynningar.

Finnur Ólafsson vikur af fundi vegna vanhæfis.

4. Laugarhóll.

Erindi barst til sveitarstjórnar er varðar Laugarhól í Bjarnarfirði.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir að funda með rekstraraðilum Laugarhóls og stjórn félagsins.

Finnur Ólafsson mætir aftur á fund.

5. Menntastefna starfsmanna Kaldrananeshrepps.

Til umræðu var að gerð yrði menntastefna meðal starfsmanna Kaldrananeshrepps.

Sveitarstjórn ákveður að unnið verði að menntastefnu starfsmanna Kaldrananeshrepps í vetur og yrði hún sambærileg öðrum sveitarfélögum.

Grunnskilyrði stuðnings í slíkri stefnu væri að starfsmaður væri með skráð lögheimili í sveitarfélaginu.

Borið upp og samþykkt með þremur atkvæðum, Finnur sat hjá.

6. Minnisblað sameiginlegra reglna.

Minnisblað barst frá velferðarsviði Ísafjarðarbæjar er varðar gerð sameiginlegra reglna um þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Minnisblað lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að taka þátt.

Borið upp og samþykkt.

7. Umsóknir lóða.

Hreppnum barst ein umsókn þar sem óskað var eftir því að fá leigða lóð númer 13 á Grundargötu.

Sveitarstjórn tekur vel í umsóknina og samþykkir að afhenda umbeðna lóð með þeim skilyrðum sem að umrædda lóð gilda vegna ofanflóðahættu á ábyrgð umsækjanda að kynna sér og uppfylla þau skilyrði og ábyrgð. Að auki að framkvæmdir yrðu hafnar innan árs ásamt því að stofngjöld vatns- og hitaveitu verða greidd.

Oddvita falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

8. Sýnishorn og verðhugmyndir.

Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við umræddri hugmynd að sinni.

Borið upp og samþykkt.

9. Örugg augu vegna sólmyrkva

Sveitarstjórn ákveður að fjárfesta í sólgleraugum fyrir íbúa Kaldrananeshrepps sem ætluð eru til þess að vernda augu.

Umrædd sólgleraugu nema að upphæð 10.000kr.-

Borið upp og samþykkt.

10. Sameiningarviðræður við Árneshrepp

Sveitarstjórn tilnefnir Halldór Loga Friðgeirsson sem þriðja mann í vinnunefndar með KPMG ráðgjafapjónustu í óformlegum sameiningarviðræðum við Árneshrepp.

Minnisblað lagt fram til kynningar.

Borið upp og samþykkt.

11. Tilnefning í velferðarnefnd

Sveitarstjórn tilnefnir Hildi Aradóttur í velferðarnefnd.

Oddvita falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 21.46